

Ályktarorð:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 96/1958. Karl Sawitsky

gegn

Inga B. Ársælssyni og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærð ákvæði héraðsdóms um frávisun og málskostnað.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 19. júní 1958, er barst Hæstarétti 23. s. m., hefur aðalkærandi kært til Hæstaréttar frávisunardóm bæjarþings Kópavogs frá 12. s. m., en með dómi þessum var gagnsök aðalkærandi í máli gagnkærandi á hendur honum vísað frá dómi, en málskostnaður skyldi falla niður. Krefst aðalkærandi þess, að hinn kærði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar bæði úr hendi gagnkærandi persónulega og fyrir hönd umboðs- og heildverzlunarinnar Orbis.

Gagnkærandi hefur fyrir sitt leyti kært málskostnaðarákvæði framangreinds frávisunardóms með kæru 19. júní 1958, sem barst Hæstarétti ásamt aðalkærunni. Krefst hann málskostnaðar að skaðlausu í gagnsök í héraði, en að hinn kærði dómur verði að öðru leyti staðfestur. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi aðalkærandi.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta frávisun frá héraðsdómi á kröfu aðalkærandi um kr. 3600.00, sem hann telur töpuð laun sín sumarið 1957, og á kr. 4139.64 af kr. 4524.19, sem hann telur útlagt fé af sinni hálfu. Hins vegar þykja ekki næg rök til að vísa frá héraðsdómi kr. 384.55 (þ. e. jafnvirði 84.74 þýzkra marka) af hinni síðargreindu fjárhæð, sem aðalkærandi telur sig

hafa lagt út vegna fatakaupa fyrir gagnkærandi, né kr. 130.00, sem hann telur sig hafa greitt í þágu gagnkærandi fyrir leikhúsmiða.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðalkærandi greiði gagnkærandi kr. 1200.00 í málskostnað í héraði í þeim þáttum gagnsakar, sem vísað er frá héraðsdómi, en að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar kr. 7739.64 af fjárhæð gagnsakar í héraði. Að öðru leyti er gagnsökinni vísað heim í hérað til dóms-
álagningar að efni til.

Aðalkærandi, Karl Sawitsky, greiði gagnkærandi, Inga B. Ársælssyni, kr. 1200.00 í málskostnað í héraði að viðlagðri aðför að lögum.

Hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af kærumáli þessu.

Dómur bæjarþings Kópavogs 12. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Ingi B. Ársæls-son, Öldugötu 18 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1958, gegn Karli Sawitzky, Borgarholtsbraut 35, hér í bæ, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 6.500.00 með 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Með gagnstefnu, útgefinni 2. apríl 1958, höfðaði stefndi gagnsök og sakaukamál. Gerði gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi (aðalstefnandi) yrði persónulega og fyrir hönd Orbis Trading Company dæmdur til að greiða honum kr. 8.254.19 með 6% ársvöxtum af kr. 8.121.19 frá 1. ágúst 1957 til 31. desember 1957 og af kr. 8.254.19 frá þeim tíma til greiðsludags, ásamt málskostnaði að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda.

Málsatvik eru samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, að aðalstefndi hefur undirritað skuldaryfirlýsingu, dagsetta 4. febrúar 1957, um að hafa þann dag móttengið kr. 6.500.00 frá aðalstefnanda og jafnframt viðurkennir hann að skulda aðalstefnanda þá upphæð. Aðalstefnandi kveðst hafa kynnt aðalstefnda, sem er þýskur, og hafa veitt honum ráð og leiðbeiningar. Í desember 1956 kveður hann aðalstefnda hafa beðið sig um lán og hafi hann veitt það. Þetta lán kveður hann aðalstefnda hafa endurgreitt á gjalddaga. Um mánaðamótin janúar og febrúar 1957 kveður aðalstefnandi aðalstefnda hafa falast eftir 6500 króna láni, sem greiðast átti eftir 1—2 mánuði, og hafi hann veitt honum það gegn einfaldri kvittun, enda hafi hann þá treyst aðalstefnda. Síðar kveðst aðalstefnandi hafa lánað aðalstefnda kr. 5.000.00, sem hann hafi sett fulla tryggingu fyrir og greitt í tvennu lagi 28. ágúst 1957 og 27. september 1957. Kveður aðalstefnandi sér þá hafa verið ljóst, að aðalstefndi væri varhugaverður í viðskiptum og því hafa útbúið skuldaryfirlýsinguna á dskj. nr. 2, sem aðalstefndi hafi skrifað undir af fúsum vilja, eftir að hafa athugað efni hennar, gegn afhendingu upphaflegu greiðslukvittunarinnar. Kveðst aðalstefnandi þá hafa margkrafið aðalstefnda um greiðslu þessarar skuldar, en hann hafi alltaf beðið um fresti. Hafi hann síðan neyðzt til að stefna honum.

Aðalstefndi kveðst ekki hafa fengið 6500 íslenskar krónur hjá aðalstefnanda í desember 1956. Hins vegar viðurkennir hann að hafa fengið 6500 íslenskar krónur hjá aðalstefnanda hinn 4. febrúar 1957. Hann kveðst hafa undirritað skuldaryfirlýsingu á dskj. nr. 2. Hann kveðst hafa skilið efni þeirrar yfirlýsingar nokkurn veginn og spurt aðalstefnanda um innihaldið og hafi hann svarað, að þetta væri skuldayfirlýsing fyrir þessari ákveðnu upphæð fyrir eitthvað ótiltekið. Aðalstefndi heldur því fram, að fjárgreiðslan 4. febrúar 1957 hafi ekki verið lán, heldur greiðsla, en hefur ekki viljað skýra frá fyrir hvað greiðslan hafi verið né lagt fram gögn um það.

Skal nú vikið að gagnsök og sakaukamáli.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök og sakaukamáli eru sundurliðaðar þannig, að töpuð laun séu kr. 3.600.00, útlagt fé kr. 4.524.19 og lán til gagnstefnda kr. 130.00, samtals kr. 8.254.19.

Gagnstefnandi rökstyður kröfur sínar þannig, að hann hafi farið til Þýskalands 1. júlí 1957 og ætlað að koma aftur eftir 2—3 vikur. Hins vegar hafi erindi, er hann hafi rekið fyrir

gagnstefnda og firma hans, Orbis Trading Company, valdið 2—3 vikna töf hans í Vestur-Pýzkalandi, en það hafi verið sá tími, sem nauðsynlegur hafi verið til að ljúka erindum fyrir Orbis Trading Company og gagnstefnda. Launatap hans fyrir þetta tímabil hjá vinnuveitanda hans, Efnalauginni Glæsi, hafi orðið kr. 3.600.00. Útlagt fé fyrir gagnstefnda og Orbis Trading Company telur gagnstefnandi D.M. 996.72 eða ísl. kr. 4.524.19. Þar af hafi D.M. 84.72 verið vegna fatakaupa fyrir gagnstefnda. Síðasta lið kröfunnar telur gagnstefnandi útlagt fé fyrir leikhúsmiða fyrir gagnstefnda.

Í gagnsökinni og aukamáli eru, eins og að framan greinir, kröfur gerðar á hendur gagnstefnda sjálfum og gegn Orbis Trading Company. Í gagnstefnu kemur fram, að hluti stefnukröfunnar, þ. e. kr. 130.00, og jafnvirði D.M. 84.72, eru vegna gagnstefnda persónulega, en að öðru leyti verður ekki séð af stefnu eða öðrum skjölum málsins, að hve miklu leyti stefnukröfur eru vegna krafna á gagnstefnda persónulega og að hve miklu leyti vegna Orbis Trading Company. Virðast málsaðiljar fara með málið svo sem gagnstefndi og Orbis Trading Company sé einn og sami aðilinn. Eru þó engin gögn færð fyrir, að svo sé. Í málinu hafa komið fram atriði, sem benda til að Orbis Trading Company sé félagsskapur fleiri manna, en engar fullnægjandi upplýsingar hafa komið fram um, hvers konar fyrirtæki Orbis Trading Company sé, hverjir sé eigendur þess eða fyrirsvarsmenn. Eigi eru heldur neinar upplýsingar um, hvort Orbis Trading Company sé skráð firma eða ekki.

Framangreind vanreifun málsins, sem m. a. þykir útiloka að afstaða verði tekin til, hvort uppfyllt hafi verið skilyrði 1. og 2. málslíðs 46. gr. laga nr. 85/1936, þykir eiga að varða frávísun gagnsakar og sakaukamáls frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök og aukamáli falli niður.

Að öðru leyti þykir rétt, að málið hvíli, á meðan kærufrestur líður eða, ef kært verður, kærumál fær afgreiðslu í Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnsök og sakaaukamáli er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður í gagnsök og sakaaukamáli.

Að öðru leyti hvílir málið, meðan kærufrestur líður eða kærumál fær afgreiðslu í Hæstarétti.